

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2013**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Staða handbærs fjár frá rekstri batnaði miðað við sama tímabil 2012 og var neikvætt um 19,5 ma.kr. en var neikvætt um 33,7 ma.kr. 2012. Tekjur jukust um 16,4 ma.kr. milli ára og gjöld um 7,6 ma.kr. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um 1,5 ma.kr. á móti neikvæðum áhrifum 2012 um tæpa 4 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-ágúst 2013 (m.kr.)

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	276.404	302.253	292.018	332.834	349.190
Greidd gjöld	346.684	354.290	350.114	362.557	370.155
Tekjujöfnuður	-70.280	-52.036	-58.096	-29.442	-20.965
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-8.420	-13.184	3.683	-3.990	1.515
Handbært fé frá rekstri	-78.700	-65.220	-54.413	-33.713	-19.450
Fjármunahreyfingar	11.983	-31.941	54.606	-29.042	-21.622
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-66.717	-97.161	193	-62.755	-41.072
Afborganir lána	-72.740	-136.258	-126.967	-208.004	-89.097
Innanlands	-72.740	-72.782	-56.116	-52.883	-86.626
Erlendis	0	-63.476	-70.851	-155.121	-2.471
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-139.457	-233.419	-126.774	-270.759	-130.169
Lántökur	169.889	267.934	208.844	197.532	59.111
Innanlands	162.540	137.085	83.965	76.402	81.912
Erlendis	7.348	130.849	124.879	121.130	-22.801
Breyting á handbæru fé	30.432	34.515	82.070	-73.227	-71.058

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 349,2 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er 4,9% aukning frá sama tímabili í fyrra. Niðurstaða tímabilsins er 0,2 ma.kr. eða 0,1% undir tekjuáætlun fjárlaga. Af innheimtum tekjum voru skatttekjur og tryggingagjöld, sem eru rúm 90% teknanna, samtals 318,9 ma.kr. sem er 4,0% meira en fyrir ári síðan en 5,1 ma.kr. eða 1,6% undir áætlun.

Þótt frávik frá áætlun fjárlaga sé hverfandi lítið á fyrstu átta mánuðum ársins eru horfur á því að tekjur ársins verði talsvert minni en í þeirri áætlun, eins og fram kemur í fjárukalagafrumvarpinu. Ástæður þess eru eftirfarandi. Allir helstu liðir óbeinna skatta, svo og tryggingagjöld, hafa skilað minni tekjum en áætlað var á tímabilinu janúar-ágúst, eins og fjallað er um hér á eftir. Þar er um marktæka útkomu að ræða, sem samræmist endurskoðuðum þjóðhagsforsendum fyrir árið 2013. Tveir liðir, tekjuskattur lögaðila og fjármagnstekjuskattur hafa á hinn bóginn skilað samtals 5,3 ma.kr. umfram áætlun. Endurmat þessara liða bíður hins vegar árlegrar álagningar á lögaðila í lok október, þegar búist er við að háar fjárhæðir verði endurgreiddar lögaðilum, bæði fjármagnstekjuskattur og fyrirframgreiddur tekjuskattur. Jákvætt innheimtufrávik í þessum liðum að svo stöddu er því ekki vísbending



um að tekjur ársins verði meiri en áætlað var. Hvað viðvíkur öðrum tekjum en skatttekjum, þá eru stærstu liðirnir vaxtatekjur og arðtekjur. Dreifing þeirra tekna innan ársins er óháð efnahagslegri þróun og hefur reynst mun framhlaðnari en gert var ráð fyrir í ársbyrjun. Endurmat á tekjuáætlun ársins í heild, sem birtist í áætlun fjárukalagafrumvarpsins, hefur hliðsjón af innheimtuþróuninni í þeim tilvikum þar sem innheimtan er góð vísbending um tekjuþróunina. Það eru því einkum frammannefndir tveir skattar, sem enn bíða endurmats, svo og stórir liðir utan skattteknanna, sem gera að verkum að tekjuáætlun ársins á greiðslugrunni er lækkuð um 18,3 ma.kr. í frumvarpinu þrátt fyrir að innheimta fyrstu átta mánaða ársins sé í samræmi við þá mánaðadreifingu sem gerð var í upphafi árs.

Innheimta tekjuskatts einstaklinga tímabilið janúar-ágúst er á áætlun og nam 68,7 ma.kr. sem er 6,6% aukning á milli ára. Tekjuskattur lögaðila dróst saman um 3,8% á milli ára og nam 19,7 ma.kr. sem er 26,5% yfir áætlun. Samdrátt í tekjuskatti lögaðila á milli ára má að hluta rekja til samdráttar í svokallaðri eftirstöðvinnheimtu, þ.e. innheimtu sem tengist álagningu fyrri ára, en hún var óvenjumikil í fyrra. Skattur á fjármagnstekjur skilaði 24,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,2 ma.kr. eða 5,1% yfir áætlun. Fjármagnstekjuskatturinn jókst um 18,3% frá sama tímabili í fyrra.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst 2011-2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
Skatttekjur og tryggingagjöld	272.184	306.619	318.880	3,6	12,7	4,0
Skattar á tekjur og hagnað	94.677	105.315	112.524	4,5	11,2	6,8
Tekjuskattur einstaklinga	58.466	64.458	68.710	0,9	10,2	6,6
Tekjuskattur lögaðila	9.934	20.467	19.698	22,5	106,0	-3,8
Skattur á fjármagnstekjur	26.277	20.389	24.116	7,0	-22,4	18,3
Eignarskattar	4.018	7.786	7.521	20,2	93,8	-3,4
Skattar á vöru og þjónustu	121.446	138.963	142.806	0,6	14,4	2,8
Virðisaukaskattur	79.105	90.606	93.031	-1,4	14,5	2,7
Vörugjöld af ökutækjum	1.757	2.867	3.188	66,3	63,2	11,2
Vörugjöld af bensíni	7.731	7.936	7.810	-0,0	2,7	-1,6
Skattar á olíu	3.987	4.364	4.345	0,8	9,5	-0,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	10.219	10.980	11.502	3,2	7,5	4,8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	18.648	22.210	22.930	4,7	19,1	3,2
Tollar og aðflutningsgjöld	4.271	4.789	3.581	12,2	12,1	-25,2
Aðrir skattar	4.793	6.647	7.576	4,0	38,7	14,0
Tryggingagjöld	42.979	43.118	44.873	8,2	0,3	4,1
Fjárframlög	556	564	123	29,4	1,4	-78,2
Aðrar tekjur	18.932	24.339	29.522	-8,3	28,6	21,3
Sala eigna	494	1.311	664	-	-	-
Tekjur alls	292.167	332.834	349.190	-3,7	13,9	4,9



Eignarskattar drógust saman um 3,4% á milli ára og námu samtals 7,5 ma.kr. sem er 9,4% minna en áætlað var í fjárlögum. Þar af nam auðlegðarskattur 3,4 ma.kr. sem er 12,4% undir áætlun og stimpilgjöld 2,5 ma.kr. sem er 4% undir áætlun. Frávik eignarskatta frá áætlun skýrist því að mestu leyti af minni innheimtu auðlegðarskatts en gert hafði verið ráð fyrir, en hér er þó einkum um að ræða fyrirframinnheimtu upp í álagningu. Reiknað er með að neikvætt frávik í innheimtu auðlegðarskatts muni ganga til baka á síðari mánuðum ársins. Auðlegðarskattur jókst um 12% á milli ára og stimpilgjöld jukust um 17,4%. Erfðafjárskattur skilaði ríkissjóði 1,3 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. eða 24,3% undir áætlun. Tryggingagjöld námu 44,9 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er 4,1% aukning frá því í fyrra en 1,9 ma.kr. eða 3,8% undir áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu eru 5,2 ma.kr. eða 3,5% undir tekjuáætlun og námu samtals 142,8 ma.kr. sem er aukning um 2,8% frá sama tímabili í fyrra. Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta en hann nam 93,0 ma.kr. á tímabilinu og er það aukning um 2,7% frá því í fyrra. Virðisaukaskattur er 4,3 ma.kr. eða 4,4% undir áætlun. Almenn vörugjöld námu 3,6 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. eða 19% undir áætlun. Innheimta vörugjalda af ökutækjum jókst um 11,2% á milli ára og námu þau 3,2 ma.kr. sem er 3,9% yfir áætlun. Innheimta vörugjalda af bensíni er hins vegar 3,9% undir áætlun en þau námu 7,8 ma.kr. sem er 1,6% samdráttur frá því í fyrra. Tekjur af olúgjaldi námu 4,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,2% undir áætlun fjárlaga og samdráttur um 0,4% frá sama tímabili í fyrra. Kolefnisgjaldið skilaði 2,1 ma.kr. á tímabilinu en það dróst saman um 5,1% á milli ára og frávik þess frá áætlun er neikvætt um 14,5%. Innheimta kolefnisgjalds er þó nokkuð breytileg milli mánaða vegna tveggja mánaða gjaldtímabils og endurgreiðsluferfis. Bifreiðagjaldið skilaði 6,0 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 4,5% minna en áætlað var.

Tekjur af tóbaksgjaldi jukust um 13% frá því í fyrra og námu 3,9 ma.kr. sem er 8,5% minna en áætlað var. Tekjur af áfengisgjaldi jukust heldur minna milli ára eða um 1% og námu 7,6 ma.kr. á tímabilinu sem er 1% undir áætlun. Tölur um tóbakssölu á fyrstu átta mánuðum ársins sýna nokkurn samdrátt í sölu sígarettna, vindla og neftóbaks en aukningu í sölu reyktóbaks. Sala á reyktóbaki hefur aukist um 6,8% miðað við sama tímabil á árinu 2012. Sala á áfengi hefur einnig aukist lítillega frá því í fyrra eða um 0,1% (mælt í vínanda).

Aðrar tekjur á tímabilinu en skatttekjur og fjárframlög námu 30,2 ma.kr. en það er 5,2 ma.kr. yfir tekjuáætlun og 14,84% aukning frá sama tímabili í fyrra. Stærstu tekjuliðirnir fyrir utan skatttekjur eru annars vegar arðgreiðslur og hluti ríkissjóðs af tekjum ríkisfyrirtækja, sem námu 5,2 ma.kr. og hins vegar vaxtatekjur, sem námu 9,5 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins. Tekjur af veiðigjöldum námu 9,1 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Þar af námu tekjur af almennu veiðigjaldi 3,2 ma.kr. og því sérstaka 5,8 ma.kr.

Greidd gjöld námu 370,2 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 7,6 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 2,1%. Þróun á útgjöldum einstaka málaflokka var misjöfn en hér á eftir er frekari greining á breytingu á útgjöldum hvers málaflokks á milli ára og helstu þættir dregnir fram.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst 2011-2013**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	77.782	84.341	85.580	8,4	1,5
Þar af vaxtagreiðslur	47.477	53.650	51.775	13,0	-3,5
Varnarmál	999	614	765	-38,5	24,5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	12.225	14.077	14.487	15,2	2,9
Efnahags- og atvinnumál	34.049	34.901	35.438	2,5	1,5
Umhverfisvernd	3.126	3.359	3.638	7,5	8,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	271	151	446	-44,1	194,5
Heilbrigðismál	74.197	77.936	83.436	5,0	7,1
Menningar-, íþróttar- og trúmál	10.712	10.948	12.128	2,2	10,8
Menntamál	32.280	34.401	35.324	6,6	2,7
Almannatryggingar og velferðarmál	97.092	93.702	90.432	-3,5	-3,5
Óregluleg útgjöld	7.381	8.124	8.481	10,1	4,4
Gjöld alls	350.114	362.557	370.155	3,6	2,1

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 51,8 ma.kr. og dragast saman á milli ára um 1,9 ma.kr. sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu rúmum 11 ma.kr. á tímabilinu og drógust lítillega saman milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu um 22,8 ma.kr. og jukust um 3,2 ma.kr. á milli ára. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála námu rúmum 90 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 3,3 ma.kr. milli ára. Undir þennan flokk falla stórir bótalíðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna lífeyristrygginga jukust um 2,2 ma.kr. milli ára og námu 40,9 ma.kr. á tímabilinu sem var í samræmi við áætlanir. Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð námu 8,2 ma.kr. á tímabilinu og voru svipaðar og á fyrra ári. Útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs námu 12,2 ma.kr. á tímabilinu og drógust saman um 2,4 ma.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Greiddar vaxtabætur námu 8,7 ma.kr. og drógust saman um tæpa 6 ma.kr. sem skýrist með sérstökum tímabundnum vaxtaniðurgreiðslum sem greiddar voru út á árinu 2012 en ekki 2013. Þá námu greiddar barnabætur 7,6 ma.kr. og voru tæpum 2 ma.kr. hærra en á sama tímabili 2012. Útgjöld Fæðingaorlofssjóðs námu 5,6 ma.kr. og jukust um tæpar 400 m.kr. milli ára en voru innan heimilda.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 83,4 ma.kr. og jukust um 5,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld Landspítala námu 26,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,2 ma.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri voru 3,2 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Þá námu útgjöld heilbrigðisstofnana 10,1 ma.kr. og jukust um tæpar 800 m.kr. milli ára. Útgjöld Sjúkratrygginga námu tæpum 20 ma.kr. og jukust um 794 m.kr. milli ára og voru 1,1



ma.kr. umfram heimildir. Greiðslur til hjúkrunarheimila námu 13,1 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 460 m.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust lítillega á milli ára og námu 35,4 ma.kr. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld Vegagerðarinnar sem námu 10,6 ma.kr. og greiðslur til landbúnaðarframleiðslu sem námu samtals um 8 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld til menntamála námu um 35,3 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og voru tæpum 1 ma.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna námu 8,1 ma.kr. og jukust lítillega milli ára en voru innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands námu 6,9 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og á fyrra ári. Útgjöld vegna annarra háskóla námu 4,4 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára. Útgjöld til framhaldsskóla námu 14,1 ma.kr. og jukust um 649 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála námu 12,1 ma.kr. á tímabilinu og jukust milli ára um 1,2 ma.kr. Helstu útgjaldaðættir eru Ríkisútvarpið 2,1 ma.kr. og útgjöld til kirkju- og sóknamála samtals 3,4 ma.kr.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála námu 14,5 ma.kr. og jukust um 410 m.kr. milli ára. Stærstu útgjaldaðættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,4 ma.kr. og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,4 ma.kr. Útgjöld Ríkislögreglustjóra námu 901 m.kr. og jukust um 101 m.kr. milli ára. Útgjöld Héraðsdómstóla námu 896 m.kr. og útgjöld Sérstaks saksóknara 828 m.kr. Þá námu útgjöld Fangelsismálastofnunar ríkisins 948 m.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld til umhverfisverndar námu rúmum 3,6 ma.kr. á tímabilinu sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Helstu útgjaldaðættir málaflökksins eru útgjöld Endurvinnslunnar sem námu 1,1 ma.kr., útgjöld Umhverfisstofnunar sem námu 633 m.kr., útgjöld Úrvinnslusjóðs sem námu 488 m.kr. og útgjöld Vatnajökulsþjóðgarðar 440 m.kr. Útgjöld til varnarmála námu 765 m.kr. á tímabilinu og jukust um 151 m.kr. á milli ára. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála námu 446 m.kr. og jukust milli ára um 294 m.kr.. Aukningin skýrist með útgjöldum vegna leiguíbúða að fjárhæð 294 m.kr. sem greiddust ekki á árinu 2012. Óregluleg útgjöld námu 8,5 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 6,8 ma.kr. og jukust um 514 m.kr. milli ára og greiddur fjármagnstekjuskattur nam 1,7 ma.kr. og dróst saman um 75 m.kr. milli ára.

Lánsfjárfjöfndur ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfndur var neikvæður um 41,1 milljarða króna í lok ágúst en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 62,8 ma.kr. Í ár kom til greiðslu eiginfjárframlags til Íbúðalánasjóðs að fjárhæð 13 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins námu 86,6 milljörðum króna. Þar af eru 83 milljarðar króna vegna ríkisbréfa á gjalddaga.

Greiddar voru erlendar afborganir í mars sl. fyrir að jafnvirði 2,5 milljarða króna.

Á fyrstu átta mánuðum ársins gaf ríkissjóður út skuldabréf á innlendum markaði fyrir um 81,9 milljarða króna. Útgáfa óverðtryggðra ríkisbréfa nam 73,6 ma.kr. og útgáfa verðtryggðra ríkisbréfa nam 19,3 ma.kr. Þar af er útgáfa ríkissjóðs vegna eiginfjárukningar



Íbúðalánasjóðs 13 ma.kr. Staða ríkisvixla hefur á móti lækkað um 11,2 ma.kr. frá áramótum. Önnur útgáfa nemur 0,3 ma.kr.

Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 22,8 ma.kr. í lok ágúst vegna styrkingar krónu frá áramótum.